

**Nd.**

**94. Breytingartillögur**

við frv. til laga um prestakallasjóð.

Frá Jónasi Þorbergssyni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Fé því, er prestakallasjóði áskotnast, skal verja til eflingar kirkjulegri starfsemi í landinu á þann hátt, er hér segir:

Helmingur fjárins gengur til kirkjuráðs og stendur undir ráðstöfunarvaldi þess samkvæmt ákvæðum laga nr. 21, 6. júlí 1931.

Hinn hlutinn gengur til ríkisútvarpsins og skal varið til þess að halda uppi messugerðum gegnum útvarpið, eftir ákvörðunum útvarpsráðs.

2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.